

Fundur hjá foreldraráði 22.06.2017

Mætt eru : Steinunn Baldursdóttir, Rósa Konný Jóhannesdóttir, Silja Eyrún Steingrímsdóttir og Sigursteinn Sigurðsson

✓ Niðurstöður úr foreldrakönnun skólapúlsins

- Niðurstöður kynntar og mjög mikil ánægja með þær, leikskólinn kemur vel út. Meðal annars er 92,9% foreldra ánægðir með leikskólann.
- Niðurstöður koma inn á vef leikskólans.
- Ýmsar ábendingar komu í opnum svörum sem verða ekki birtar opinberlega en verður tekið tillit til þeirra og þær nýttar til úrbóta.

✓ Farið yfir viðhaldslista 2017

- Listinn skoðaður og ræddur en á honum er útlistað það sem þarf nauðsýnlega að gera en það þarf bæði að laga innan og utandyra.
- Inni þarf til dæmis betri skiptiaðstöðu á Ólátagarði, laga raka í vegg og fleira
- Úti þarf til dæmis að lagfæra grassvæði og fylla í holur, skipta um sand í sandkassa, yfirfara girðingu og fleira.
- Best er ef hægt er að sinna þessu viðhaldi meðan sumarlokun er.

✓ Minnisblað vegna Klettaborgar vegna viðbyggingar

- Fer fyrir fræðslunefnd í ágúst, búið er að gera þarfagreiningu sem var farið yfir og rædd.

✓ Starfsmannahald og nýting plássá

- Rætt starfsmannahald fyrir næsta skólaár og stöðuna í dag.
- Fækkun barna en um 60 börn eru skráð í leikskólann næsta haust helsta skýringin er að stór árgangur er að fara út.

✓ Ný verkefni

- Steinunn kynnti 2 ný verkefni sem verið er að innleiða í leikskólann
- Annars vegar Lubbi finnur málbein sem allir leikskólar í Borgarbyggð eru að taka upp, ýtir undan góðan orðaforða ofl. Hægt að kynna sér betur á lubbi.is
- Hinsvegar vináttuverkefni Barnaheilla sem er forvörn gegn einelti og allir leikskólar í Borgarbyggð taka þetta verkefni líka inn en út fer verkefnið stig af stigi. Þetta verkefni er styrkt veglega af foreldrafélaginu.

Silja ritaði.